

LEIK 2BD05

Barna og unglingaleikhús

Áfanginn er framhaldsáfangi á 2. þrepi og er valáfangi..

Undanfarar:

Undanfarar eru áfangar á 1. þrepi, LEIK1AB05 og LEIK1AL05

Stutt lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans er barna- og unglingaleikhús og ferlið frá hugmynd til sýningar. Unnið er stutt sviðsverk fyrir börn eða unglinga og það sýnt á frístundaheimilum eða skólum.

Áfanginn miðar að því að nemendur setji upp sviðsverk og fái reynslu af að sýna leikrit við ólíkar aðstæður.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Barnaleikhús, unglingaleikhús, sviðsverk, leikritun, persónusköpun, leiksýning, raddbeiting, framsögn, sviðsframkoma, samvinna, hlustun.

Námsmat:

Frammistöðumat, verkefni, sýning
